



**17. Fundur byggðaráðs Blönduósþæjar
þriðjudaginn 16. desember 2014, kl. 17:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár frá 30. nóvember 2014
- b) Róta bs. frá 26. mars 2014
- c) Róta bs. frá 24. júlí 2014
- d) Róta bs. frá 9. september 2014
- e) Róta bs. frá 30. september 2014
- f) Stjórnar SSNV frá 29. október 2014
- g) Stjórnar SSNV frá 15. október 2014
- h) Bs. um menningu og atvinnumál frá 5. nóvember 2014
- i) Bs. um menningu og atvinnumál frá 3. desember 2014
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. nóvember 2014
- k) Skólanefndar Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra frá 18. nóvember 2014

2. Bréf frá Mandat Lögmannsstofu frá 18. nóvember 2014

3. Erindi frá Knattspyrnudeild Umf. Hvatar

4. Minnisblað frá fundi um málefni aldraðra sem haldinn var í Hnitbjörgum þann 11. nóvember 2014

5. Bréf frá MOSS kommune dags. 25. nóvember 2014

6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár frá 30. nóvember 2014**

Lögð fram til kynningar

- b) Róta bs. frá 26. mars 2014**

Byggðaráð hvetur stjórn Róta bs. að senda frá sér fundargerðir jafnharðan og fundir eru haldnir.

Lögð fram til kynningar



- c) **Róta bs. frá 24. júlí 2014**
Lögð fram til kynningar
 - d) **Róta bs. frá 9. september 2014**
Lögð fram til kynningar
 - e) **Róta bs. frá 30. september 2014**
Lögð fram til kynningar
 - f) **Stjórnar SSNV frá 29. október 2014**
Umræður urðu um fundargerðina. Sveitarstjóra falið að óska eftir drögum að samningi um sóknaráætlun 2015-2019 og úthlutunarreglum uppbyggingarsjóðs sbr. liður 4 í fundargerð.

Lögð fram til kynningar
 - g) **Stjórnar SSNV frá 15. október 2014**
Lögð fram til kynningar
 - h) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 5. nóvember 2014**
Lögð fram til kynningar
 - i) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 3. desember 2014**
Lögð fram til kynningar
 - j) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. nóvember 2014**
Lögð fram til kynningar
 - k) **Skólanefndar Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra frá 18. nóvember 2014**
Lögð fram til kynningar
2. **Bréf frá Mandat Lögmannsstofu frá 18. nóvember 2014**
Lagt er fram bréf frá Mandat Lögmannsstofu þar sem sveitarfélagið er krafði um greiðslu fjár sem Blönduósbær hefur tekið við frá veiðifélagi Blöndu og Svartár vegna Kleifa. Jafnframt er lagt fram bréf frá lögmanni Blönduósbæjar þar sem öllum ofangreindum kröfum er hafnað.
Lagt fram til kynningar.
3. **Erindi frá Knattspyrnudeild Umf. Hvatar**
Knattspyrnudeild Umf. Hvatar reisti nýtt vallarhús á Blönduósvelli í sumar. Óskað er eftir stuðningi Blönduósbæjar vegna gatnagerðargjaldanna. Byggðaráð samþykkir að veita kr. 500.000 styrk vegna gatnagerðargjaldanna. Byggðaráð leggur til við sveitarstjórn að samþykktur verði viðauki að upphæð 500.000 og útgjöldunum verði mætt með eigin fé sveitarfélagsins.
4. **Minnisblað frá fundi um málefni aldraðra sem haldinn var í Hnitbjörgum þann 11. nóvember 2014**
Haldinn var fundur í Hnitbjörgum þann 11. nóvember 2014 undir yfirskriftinni „Eiga aldraðir áhyggjulaust ævikvöld“.
Margar tillögur komu fram á fundinum um málefni aldraðra sem betur mætti fara í sveitarfélaginu.
Byggðaráð vill þakka fyrir mjög góðar ábendingar.
Byggðaráð samþykkir að stofnuð verði nefnd á vegum sveitarfélagsins um málefni aldraða og að hún verður hluti af stjórnskipan sveitarfélagsins.



5. Bréf frá MOSS kommune dags. 25. nóvember 2014

*Vinabærinn Moss býður fulltrúum frá Blönduósbæ til Moss daganna 14. – 17. ágúst á næsta ári til fagna 150 ára afmæli stjórnarskrá Noregs.
Byggðaráð samþykkir að senda fulltrúa Blönduósbæjar á afmælishátíðina.*

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 20:05

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign)